

fengið tilkynning um látið, síst hafi hinn látni ekki látið eftir sig fjármuni á dánarstaðnum. En þar sem stjórnarráðið að sjálfsögðu verður að geta tilkynt slið lát hlutaðeigandi erlendum valdsmönnum, er hjermeð lagt fyrir yður, herra sýslumaður, að senda stjórnarráðinu jafnan þegar í stað eftir lát útlendings í lög-sagnarumdæmi yðar, skýrslu um látið, þar sem getið sje dánardags, dauðameins, greftrunardags og yfirleitt alls þess, er ætla má að aðstandendur hins látna sjer-staklega óski að fá vitneskju um.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um flutning þingstaðar. **66**
9. júlí.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags 7. þ. m., og beiðni hreppsnefndar Kjalarneshrepps, veitir stjórnarráðið leyfi til þess að þing-staður nefnds hrepps sje fluttur frá Hofsbökkum að Lykkju, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Reglugjörð

67
24. apríl.

um breyting á reglugjörð 29. júlí 1904 fyrir Árnassýslu, um hreinsun hunda af bandormum.

1. gr.

Á eftir orðunum í 9. gr.: »hverja hreinsun« komi: úr fjárbaði, er hrepp-urinn kostar.

2. gr.

Í stað »30 aura« í 11. gr. komi: 60 aura.

Framanritaða reglugjörð hefur sýslunefndin í Árnassýslu samið og sam-þykkt á aðalfundi sínum 10.—16. apríl 1917, samkv. 6. gr. laga nr. 18, 22. maí 1890.

Skrifstofu Árnassýslu, 24. apríl 1917.

Eiríkur Einarsson,
settur.